

20% afsláttur **KJARVAL**

ALLT VEDUR ER GRILLVEDUR
Á minsta hátt 4 líndir!

Goða Piri piri grisahnakkasneiðar
1678 kr./kg
verð áttir 2098

Samarið er tíminn!

20% afsláttur SS nauðakótleitur Argentískar **1798** kr./kg
verð áttir 2242

20% afsláttur SS Mexico grískótleitur **1430** kr./kg
verð áttir 1792

25% afsláttur Goða vinarþýsur, 10 str. **472** kr./kg
verð áttir 620

Kjöris mjúki, vanilla og súkkandi, 1 l **399** kr. p.é.

Meistarar jókakaka **299** kr. p.é.

Ferskjar í óskju, 750 g **199** kr. p.é.

Skyrta, 170 g **99** kr. p.é.

Taktu þátt! **Sumar-leikur** **KJARVAL**

Svali, 3x1/4 ltr **159** kr. p.é.

HP raiðibúur, 2 lespanir **249** kr. p.é.

KJARVAL Símanúmer: Sími 487 4816, Vá Sími 487 1303, Félagsmiðla Sími 583 7566, Heildsölusími Sími 505 7285, Félis Sími (665-718)

SIJÁ OPUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Er með gjafabréf

fyrir folatoll að eigin vali undir einhvern af stóðhestum hrossa-ræktarbúsins Austurkots.
Verð 45.000

*Áhugasamir hafi samband við
Filippus í 865-8913
eða 487-4785*



Margrét Hannesdóttir

Verð á einkamerki hækkar í 50 þúsund

Verð fyrir rétt til einkamerkis á bifreið mun hækka úr 25 þúsund krónum í 50 þúsund krónur verði nýtt frumvarp til umferðarlaga að lögum. Frumvarpið er nú í meðferð hjá samgöngunefnd. Réttur til einkamerkis mun áfram gilda í átta ár líkt og núverandi ákvæði í lögum kveður á um. Verð fyrir réttindi til einkamerkis hefur verið óbreytt frá árinu 1996 þegar þau voru lögleidd. Ráðherra verður áfram heimilt að setja nánari reglur um einkamerki samkvæmt frumvarpinu.

Úr Morgunblaðinu 17.7.2010

frá Núpsstað varð 106 ára fimmtudaginn 15. júlí sl. Hún fæddist 15. júlí 1904 og er næstelst núlifandi Íslendinga. Margrét býr enn í húsinu sem hún flutti í árið 1941 ásamt manningnum sínum, Samúel heitnum Kristjánssyni sjómanni. Þau fengu lóð við Langholtsveginn og byggðu húsið.

Margrét og Samúel giftust árið 1930 og eignuðust fimm börn. Samúel lést árið 1965.

Orðsending frá Vitanum!

Vitinn óskar eftir myndum af nýfæddum börnum, stúdentum og fl. Þá vantar okkur mynd af fermingar-börunum í Reyniskirkju sl. vor og mynd af fjallkonu í Mýrdalshr. 17. júní sl.
Kveðja, Útg.

29. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 21. JÚLÍ 2010

SMÁAUGLÝSINGAR



Áheitaþanga Ferðafélags Mýrdælinga !

18. júlí sl. stóð Ferðafélag Mýrdælinga fyrir áheitaþöngu til fjáröflunar vegna endurbyggingar Deildararskóla sem stendur undir Barði í Höfðabrekkuafretti.

Alls gengu 22 og luku allir göngunni sem tók um 6,5 klst. 242.700 kr söfnuðust. Ferðafélagið þakkar fyrirtækjum og einstaklingum sem hétu á gönguna, þeim sem gengu og öllum öðrum sem hjálpuðu til við hana með einhverju móti.

Styrktaraðilar göngunnar:

Bíladrangur	Fagradalsbleikja	Kolbrún Hjörleifs
Halldórskafti	Höfðabrekka	Víkurþrjón
Víkurhús	Norður-Vík	Einar Þorsteinsson
S.T. Vélaverkstæði	Klakkur ehf	Anna Björnsdóttir
Leirbröt og gler	Framrás	Sævar B. Arnarson
Ferðaþjónustan Vellir	Dogsledding	Grappa
Tjaldstæðið Vík	BVT ehf	Auðbert og Vigfús
Trévík	E. Guðmundsson	Ferðaþjónustan Sólheimahjáleiga
Vitinn		



Nýr sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Ásgeir Magnússon, forstöðumaður skrifstofu Samtaka iðnaðarins á Akureyri, hefur verið ráðinn sveitarstjóri í Mýrdalshreppi.

Ásgeir hefur viðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum, var um skeið bærarstjóri í Neskaupstað og sat einnig í bærarstjórn Akureyrar. Þá hefur hann starfað sem Iðnráðgjafi Austurlands, framkvæmdastjóri Iðnþróunarfélags Eyjarfjarðar og framkvæmdastjóri Foldu hf. auk stjórnarsetu í fjölmörgum fyrirtækjum.

Ásgeir er kvæntur Ásthildi Lárusdóttur og eiga þau þrjú uppkomin börn og sex, bráðum sjö barnabörn.

Gert er ráð fyrir að Ásgeir hefji störf í byrjun ágúst.



Fjallkonur í Skaftárhreppi 17. júní sl.

Á efri myndinni er Kristín Bjarnveig Böðvardsdóttir er var fjallkona á Klaustri, og Lilja Rós Sigurðardóttir (á Þykkvabæjarklaustri) gegndi því hlutverki í Tunguseli

Myndir Ingibjörg Eiríksdóttir og sr. Ingólfur Hartvigsson

Ferðaþjónustan ekki komin í jafnvægi.

Ennþá vantar mikið á að komur ferðamanna á þetta svæði séu komnar í jafnvægi miðað við sl. sumar.

Útlendingarnir bera verulegan ótta af Eyjafjallajökli, en þeir flýta sér í gegnum áhrifasvæði eldfjallsins og er það ofur eðlilegt ef tekið er mið af því hvernig þetta hefur verið túlkað í erlendum fjölmiðlum.

Ekki ætti veðráttan að fæla fólkið frá því lík veðursæld og hiti nánast upp á hvern dag.

En þetta þarf allt að bókast langt fram í tímann og þeir sem afbókuðu sig í upphafi eldgossins eru eflaust farnir eitthvað annað eða hafa bókað sig annað. En ferðaþjónustan á þessu svæði á örugglega eftir að sjá *batnandi tíð með blóm í haga* eins og máltækið segir, en vissulega er áfallið mikið einkum fyrir þá sem eru að byrja í greininni og að sjálfsöðu fyrir alla. E.

Á DÖFINNI

GÖNGUFERÐIR FERÐAMÁLAFÉLAGS SKAFTÁRHREPPS SUMARIÐ 2010

Júlí: 25. Dagsferð: Skaftárdalur-Skál Fararstjórn: Eiríkur Jónsson og Ingibjörg Eiríksdóttir. Akstur innifalinn - skráning fyrirfram

Hárgreiðslustofan á Kirkjubæjarklaustri lokuð vegna sumarleyfis frá 19. júlí til 23. ágúst.

Hárgreiðslustofan í Vík lokuð vegna sumarleyfis 12. - 26. júlí

Skrifstofa Skaftárhrepps lokuð frá 12. til 25. júlí 2010 vegna sumarleyfa.

Árleg hlutavelta kvenfélaganna Hvatar og kvenfélags Kirkjubæjarhrepps á Kirkjubæjarklaustri laugard. 31. júlí n.k. kl:14.

Íþróttahátíð USVS á Víkurvelli laugardaginn 24. júlí

Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi um verslunarmannahelgina

Hm Sindri: kvöldreiðtúr frá Nesrétt niður með Brandslæk þann 22. júlí